

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu vegamála-  
stjóra hefur verið ákveðið að gera eftirtaldar takmarkanir á umferð um Hvalfjarðargöng:

1. Hámarkshraði verði 70 km/klst.
2. Flutningur á hættulegum farmi eins og hann er skilgreindur í 3. gr. reglugerðar nr. 192/1998 verði bannaður á eftirgreindum tíma:
  - Frá kl. 10.00 á föstudögum til kl. 24.00 á sunnudögum allt árið.
  - Frá kl. 10.00 fimmtudaginn fyrir verslunarmannahelgi til kl. 24.00 að kvöldi þriðju-  
dags eftir verslunarmannahelgi.
  - Frá kl. 10.00 miðvikudaginn fyrir páska til k. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir páska.
  - Frá kl. 10.00 föstudaginn fyrir hvítasunnu til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir hvíta-  
sunnu.
3. Akstur dráttarvéla og vinnuvéla verði bannaður á eftirgreindum tíma:
  - Frá kl. 10.00 á föstudögum til kl. 24.00 á sunnudögum allt árið.
  - Frá kl. 16.00 - 19.00 mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga, allt árið.
  - Frá kl. 10.00 fimmtudaginn fyrir verslunarmannahelgi til kl. 24.00 að kvöldi þriðju-  
dags eftir verslunarmannahelgi.
  - Frá kl. 10.00 miðvikudaginn fyrir páska til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir páska.
  - Frá kl. 10.00 föstudaginn fyrir hvítasunnu til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir hvíta-  
sunnu.
4. Bönnuð verði öll umferð gangandi og hjólandi vegfarenda og umferð reiðmanna og  
rekstur búfjár nema með sérstöku leyfi lögreglustjóra.

Ákvörðun þessi tekur gildi 11. júlí 1998.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. júní 1998.*

**Georg Kr. Lárusson.**

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs  
hefur verið ákveðið:

1. Að biðskylda verði á Njálsgötu gagnvart umferð um Frakkastíg,
2. að stöðvunarskylda verði á Grettisgötu gagnvart umferð um Barónsstíg,
3. að stöðvunarskylda verði á Álfabakka gagnvart umferð um Arnarbakka,
4. að stöðvunarskylda verði á Draghálsi gagnvart umferð um Hálsabraut,
5. að stöðvunarskylda verði á Selmúla gagnvart umferð um Ármúla,
6. að stöðvunarskylda verði á Grettisgötu gagnvart umferð um Frakkastíg,
7. að biðskylda verði á Baldursgötu gagnvart umferð um Bergstaðastræti.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 19. júní 1998.*

**Georg Kr. Lárusson.**